

25093860 - Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar 2026

Tillaga að álagningu gjalda fyrir 2026:

I. Lagt er til að útsvar fyrir árið 2026 verði óbreytt, 14,93%

II. Lagt er til að fasteignagjöld fyrir árið 2026 verði álögð sem hér segir:

a) Fasteignaskattur

1. Íbúðarhúsnæði lækki úr 0,162% í 0,151 % af fasteignamati.
2. Atvinnuhúsnæði lækki úr 1,40% í 1,39%% af fasteignamati.
3. Opinbert húsnæði óbreytt, 1,320% af fasteignamati (sbr. b-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995).
4. Hesthús lækki úr 0,162 í 0,151% af fasteignamati.
5. Sumarhús lækki úr 0,162 í 0,151% af fasteignamati.

b) Vatnsskattur og holræsagjald

1. Vatnsskattur lækki úr 0,058% af heildarfasteignamati og verði 0,055%.
Aukavatnsgjald skv. mæli verði kr. 58,28 (var 56,47) fyrir hvern m³ vatns (hækkar um 3,39%).
2. Fráveitugjald, sbr. reglugerð um fráveitugjald í Kópavogsbæ nr. 729/2001, lækki úr 0,058% af fasteignamati og verði 0,056%, sbr. lög um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976 með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald. Ekki skal reikna fráveitugjald af húsi það ár sem bygging þess hefst. Rotþróargjald fyrir íbúðarhúsnæði að Vatnsenda verði kr. 37.623 (var 36.456) og innheimtist með fasteignagjöldum (hækkar um 3,2%).

c) Lóðarleiga:

1. Fyrir lóðir íbúðar-, sumar-, hesthúsa og í Lækjarbotnum verður óbreytt, 23,62 kr/m².
2. Fyrir lóðir annarra húsa, óbreytt 185,40 kr/m².

Gjalddagar fasteignagjalda 2026 verði tíu, þann 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember og greiðist tíundi hluti gjaldsins hverju sinni. Eindagi verði í lok hvers mánaðar.

Gjaldendur sem greiða lægri fasteignagjöld en 50.000 kr. greiði þau í einu lagi á gjalddaga 03.03.2026.

Gjaldendur er greiða fasteignagjöld að fullu fyrir lokun þann 17.02.2026 fá 3% staðgreiðsluafslátt

d) Elli- og örorkulífeyrisþegar er njóta lækkunar fasteignaskatts skulu fá staðgreiðsluafslátt samkvæmt sömu reglum og aðrir gjaldendur af þeim hluta er þeim ber að greiða.

Veittur verður afsláttur af fasteignaskatti til þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem búa í eigin íbúð. Miðast afslátturinn við eftirfarandi tekjumörk í framtali ársins 2024:

100% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur allt að 7.440.000 krónur (var 7.133 þ).

Hjón með heildarárstekjur allt að 9.506.000 krónur (var 9.114 þ).

75% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu frá 7.440.001 - 7.563.000 krónur (var 7.251 þ).

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 9.506.001 – 9.790.000 krónur (var 9.386 þ).

50% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 7.563.001 – 7.687.000 krónur (var 7.370 þ).

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 9.790.001 - 10.245.000 krónur (var 9.823 þ).

25% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 7.687.001 – 7.807.000 krónur (var 7.485 þ).

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 10.245.001 - 10.688.000 krónur (var 10.247 þ).

e) Veittur verður styrkur til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþróttar-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf, sbr. sérstakar reglur bæjarstjórnar þar um.

III. Bæjarstjórn Kópavogs samþykkir á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að leggja sérstakt sorphirðu- og eyðingargjald á hverja íbúð í Kópavogi á árinu 2026 samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá (sjá sér skjal):